

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 424/2015 um gildistöku ákvarðana og framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna, brunatæknilega flokkun á tilteknum vörum án þess að brunaprófun þurfi að fara fram, og aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 60. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 um byggingarvörur.

1. gr.

Við 1. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, i-liður, svohljóðandi:

- i. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1681 frá 6. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar brunapol byggingarvara. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 9/2025, 20. febrúar 2025, bls. 19.

2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 28. tölul., svohljóðandi:

28. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1681 frá 6. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar brunapol byggingarvara. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 9/2025, 20. febrúar 2025, bls. 19.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 7. gr. laga nr. 114/2014 um byggingarvörur, öðlast þegar gildi.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 28. ágúst 2025.

Inga Sæland.

Hildur Dungal.